



Tillaga
Flytjandi
Afgreiðsla

A 1948/UHN
Norræn vinstri græn
Norræna sjálfbærnefndin

A 1948/UHN: Þingmannatillaga um skipaskemmtiferðir

Norræn vinstri græn leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að útbúa heildstæða norræna áætlun um takmörkun á skipaskemmtiferðum á Norðurlöndum.
- að vinna að sameiginlegri stefnumörkun um strangara regluverk í kringum umferð skemmtiferðaskipa á norðurskautssvæðinu.

Norræn vinstri græn leggja til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að kortleggja áhrif skipaskemmtiferða á umhverfi og samfélög á Norðurlöndum, með sérstaka áherslu á norðurskautssvæðin.
- að rannsaka hvaða afleiðingar umferð skemmtiferðaskipa á norðurskautssvæðum hafa á öryggi og viðbúnað.

Bakgrunnsupplýsingar

Skemmtiferðaskip er einn af þeim ferðamátum sem hefur hvað mesta mengun og losun gróðurhúslofttegunda í för með sér. Á sama tíma verða til áskoranir hvað varðar samfélög og heilsu og hefur takmarkaðan efnahagslegan ávinning fyrir nærsamfélögin samanborið við aðrar tegundir túrisma. Á norðurskautssvæðum munu skipaskemmtiferðir að öllum líkindum aukast verulega á næstu árum þar sem loftslagsbreytingar hafa það í för með sér að hafís bráðnar á siglingaleiðum á norðurskautssvæðum sem veitir þannig möguleika á aukinni skipaumferð.

Aukin umferð skemmtiferða á viðkvæmum svæðum á borð við norðurskautssvæðin mun hafa áhrif á öryggismál, umhverfi og samfélög. Áskoranir tengdar öryggi skipaskemmtiferða urðu áberandi í Noregi árið 2019 þegar skemmtiferðaskiptið Viking Sky strandaði með 1373 farþega innanborðs sem flýja þurftu skip. Í kjölfra þess atburðar kom norska ríkisstjórnin á nefnd um málefni skipaskemmtiferða sem nýlega skilaði skýrslu. Í skýrslunni er fjallað um þörfina á skýru regluverki um umferð



skemmtiferðaskipa þar sem viðbúnaðaraðilar í Noregi eru ekki í stakk búnir til að takast á við alvarlega atburði. Hættan á slysum eykst samhliða aukinni umferð og hættan á tjóni eykst á afskekktari svæðum þar sem viðbúnaðargeta er takmörkuð.

Í skýrslu NINA um ferðaþjónustu á Svalbarða og norðurskautssvæðinu kemur fram að kunnáttu skortir um vistfræðileg áhrif ferðalaga um viðkvæm svæði og að þekkingarskortur sé um mögulegar afleiðingar af aukinni umferð skemmtiferðaskipa við Grænland.

Enn fremur sýnir nýlega birt rannsókn að skipaskemmtiferðir halda áfram að hafa neikvæð áhrif á umhverfi og heilsu verði ekki böndum komið á þennan iðnað bæði á landsvísu og í alþjóðlegu tilliti.

Það eru því sterk rök fyrir því að koma á sameiginlegri norrænni áætlun til að takmarka skipaskemmtiferðir á Norðurlöndum, sérstaklega á viðkvæmum svæðum, þar sem umhverfis- og öryggistengdir áhættuþættir geta haft hörmulegar afleiðingar í för með sér. Í Framtíðarsýn okkar 2030 koma fram markmið um að „beita sér fyrir þróun ferðaþjónustu á Norðurlöndum“. Ef Norðurlönd eiga að þróast sem sjálfbær áfangastaður ferðafólks er mikilvægt að hafa markmið um að búa í haginns fyrir ferðaþjónustu með lítið kolefnisspor sem hefur í för með sér bæði virðissköpun og atvinnusköpun á hverjum stað.

Reykjavík, 6. september 2022

Christian Juhl (Ø)
Freddy André Øvstegård (SV)
Kathy Lie (SV)
Mariane Paviassen (IA)

Orri Páll Jóhannsson (VG)
Tobias Drevland Lund (R)
Veronika Honkasalo (VF)